

## AUGLÝSING

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Spánar.

66

12. des.

Ríkisstjórnir Íslands og Spánar hafa með erindum, dags. 29. júní og 16. júlí þ. á., gert með sér viðskiptasamkomulag, ritað á spönsku, er hér birtist í íslenskri þýðingu:

*I. Erindi spánska utanríkismálaráðuneytlisins.***Utanríkismálaráðuneytið**

No. 21

Madrid, 29. júní 1934.

Háttvirtu herra. Með skírskotun til yfirstandandi samninga í því skyni að komast að samkomulagsniðurstöðu þess efnis, að um leið og Íslandi verður áætlaður skammtur af innflutningsmagni á saltfiski til Spánar, hljóti Spánn gagnkvæm hlunnindi fyrir sína verzlun, þá hefi ég þann heiður að gefa yður til kynna, að land mitt mundi geta boðið Íslandi jafn mikinn hluta af nefndu innflutningsmagni og svarar til meðaltals af innflutningnum frá Ísland af nefndri vöru á árunum 1931 til 1933, með þeirri einu blutfallslegu lækkun á þeim skammti, sem svarar til þess, að af allsherjar innflutningsmagninu til Spánar af nefndri vöru væru dregin 15%.

Að leyfðum þeim innflutningsskammti, sem á yfirstandandi ári mundi svara til 16,603,400 kg., og um leið og spænska stjórnin veitir alla mögulega fyrirgreiðslu að því er snertir ráðstöfun og útbýtingu þess skammts í öllum þeim tilfellum, þar sem hagsmunir Íslendinga eru samrímalegir þeim reglum, er settar eru á Spáni um innflutning á skömmtuðum vörutegundum, hlýtur spænska stjórnin að taka það fram, að um leið og hún gerir Íslendingum þetta tilboð, getur hún engan veginn afrækt hagsmuni útflutningsverzlunar sinnar við það land né grundvallarreglum viðskiptamálastefnu sinnar. Ein þeirra er sú, að krefjast þess, að þeim gjaldeyri, sem inn kemur fyrir seldar innflutningshaftavörur á Spáni sé varið með „clearing“ til greiðslu á þeim kaupum, sem hitt landið gerir á spænskum vörum. Vegna hinna sérstöku kringumstæðna íslenska markaðsins, sem sendinefndin hefir bent á, vill spænska stjórnin taka þær til greina og sleppa tilkalli til greiðslujafnaðar við Ísland á yfirstandandi ári, gegn því, að íslenska stjórnin samþykki þær tillögur, sem hér fara á eftir, og með þeim fyrirvara, að aftur kunni að vera gengið ríkt eftir nauðsyninni á því að koma á nefndum greiðslujöfnuði, ef reynslan frá þeim tíma, sem samningur sá, er með þessu stjórnarbréfi er stungið upp á, verður í gildi, skyldi mæla með því að svo yrði gert.

Í samræmi við þessa afstöðu spænsku stjórnarinnar, þar sem hún sýnir íslenskum hagsmunum hina mestu velvild, óskar hún, að íslenska stjórnin lýsi yfir eftirfarandi:

66 I. — Meðan Ísland nýtur þeirra innflutningsheimildar á saltfiski til Spánar, 12 des. sem að ofan er greind, skulu spænskar vörur á Íslandi njóta beztu kjara sam-  
borið við hvaða annað land sem er, bæði að því er snertir innflutningstoll og  
aukatolla eða viðbótargjöld sömu tegundar, skatta eða bæjargjöld, hafnargjöld  
og sérhver önnur opinber gjöld, þar með talin þau, er lúta að siglingum og fiski-  
veiðum.

II. — Þann tíma, sem nefndur er í greininni á undan, veitir Ísland sömu-  
leiðis þau innflutningsleyfi á spænskum vörum, sem kunna að vera nauðsynleg,  
án þess að þær verði háðar nokkrum innflutningstakmörkunum, sem og einnig  
tilsvarandi yfirfærsluheimildir til útvegunar á erlendum gjaldeyri.

III. — Spænskum kaupskýslumönnum skal vera frjáls og heimilt að stunda  
atvinnu sína á Íslandi, vinna að útbreiðslu og sjá um sölu á vörum sínum, og  
skulu þeir einnig hafa óhindraðan aðgang að hverskyns dómstólum í því landi  
með sérhvert það mál viðskiptalegs eðlis, er þeir þyrftu að höfða.

IV. — Sömuleiðis nýtur Spánn yfir sama tímabil beztu kjara um verndun  
vörumerkja og verksmiðjumerkja, og gagnkvæmt skal Ísland vera aðnjótandi  
sömu hlunninda á Spáni.

V. — Á sama hátt og sömuleiðis gagnkvæmt skal af hvoru landinu fyrir sig  
vera viðurkennt gildi uppruna- og sóttgæzluskirteina, sem gefin eru út af hlutað-  
eigandi yfirvöldum, að undangenginni afhendingu til hvorrar stjórnar fyrir sig  
á listanum yfir þá aðilja eða yfirvöld, sem eiga að gefa þau út, og á reglum  
þeim, sem skirteini þessi eiga að vera sniðin eftir.

VI. — Íslenska stjórnin geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda í  
landi sínu notkun upprunaheitanna á eftirfylgjandi spænskum vinum: Jerez  
(Xeres eða Sherry), Málaga, Rioja, Tarragona, Priorato, Panadés, Alella, Alicante,  
Valencia, Utiel, Cheste, Valdepenas Carinena, Rueda, Ribero, Manzanilla de San-  
lúcar de Barrameda, Malvasía de Sitges, Noblejas, Conca de Barberá, Montilla,  
Moriles, Mancha, Manzanares, Toro, Navarra, Martorell, Extremadura, Huelva  
og Barcelona.

VII. — Íslenska stjórnin skuldbindur sig til þess, að er sett hefir verið á stofn  
í því landi einkasala á vinnflutningi, þá skuli sú stofnun kaupa á Spáni 80%  
af þeim borðvíninum, anisþrúgubrennivíninum og þesskyns drykkjum, sem hún  
flytur inn, og að 100% af þeim kjörvíninum (vinos generosos), sem það land kaup-  
ir, nefnilega vín með einkennum Jerez, Málaga eða Tarragona-vína, skuli keypt  
á Spáni. Meðan einkasala tekur ekki til starfa, skulu þau ákvæði, sem tekin eru  
fram í 2. grein verzlunarsamningsins milli Spánar og Íslands frá 23. júlí 1923,  
talin í fullu gildi að því er vinnin snertir.

VIII. — Íslenska stjórnin leggur til við innflytjendur þar í landi að þeir kaup-  
i á Spáni eins mikið og mögulegt er af þeim vörum, sem þeir nú kaupa í öðrum  
löndum og sem spænskir útflytjendur geta boðið með því verði og gæðum, er  
jafnist á við vörur af öðrum uppruni. Meðal slíkra vörutegunda skulu sérstak-  
lega nefndir ferskir ávextir, þurrkaðir ávextir, hrisgrjón, skófatnaður, baðmull-

ar- og ullarvefnaður, þrjónles úr baðmull og ull, fatnaður úr sama efni og úr silki, jútevefnaður og jarðyrkjuverkfæri.

Sömuleiðis rannsakar íslenska stjórnin, með fullri velvild þær tillögur, sem henni berast frá spænsku stjórninni í þá átt að létta undir með framkvæmd vissra verzlunarviðskipta.

Spænska stjórnin vonar, að íslenska stjórnin skilji að þessir skilmálar eru ýtrasta viðleitni hennar og vottur um hina einlægustu vinsemd hennar og þar af leiðandi leyfir hún sér að vona, að tilboð hennar verði þegið og að henni verði tjáð opinberlega, að stjórn hins nefnda, vinveitta lands sé samþykkt fyrrnefndum greinum, með stjórnarbréfi undirrituðu af þeirri persónu, sem til þess hefir fengið sérstakt umboð, og þar sem skulu standa orðréttar hinar átta greinar, sem lýðveldisstjórnin setur sem skilyrði fyrir þeirri hlutdeild, sem hún veitir Íslandi í saltfiskinnflutningi sínum.

Treystandi yðar annáluðu greiðvikni til þess að láta þessar óskir spænsku stjórnarinnar berast í hendur íslensku stjórnarinnar, gríp ég þetta tækifæri til að tjá yður, hr. Chargé d'Affaires, mínar virðingarfyllstu kveðjur

Samkvæmt umboði.

J. M. Aguinaga.

Hr. Tage Bull

Chargé d'Affaires Danmerkur á Spáni.

## *II. Íslenska svarerindið.*

Madrid, 16. júlí 1934.

Háttvirtu herra. — Með skírskotun til stjórnarbréfs no. 21, sem yðar hágöfgi hefir þann 29. júní 1934 þóknast að senda herra Tage Bull, hefi ég þann heiður að tjá yður, með fullu umboði, að íslenska stjórnin fellst hérmeð á tilboð það, er nefnt stjórnarbréf hefir að geyma, um að fá þann skammt af saltfiskinnflutningnum, er svarar til meðaltals af innflutningnum frá Íslandi á árunum 1931 til 1933, með þeirri einu hlutfallslegu lækkun á þeim skammti, sem svarar til þess, að af allsherjarinnflutningsmagninu til Spánar af nefndri vörutegund væru dregin 15%, og þykir henni það tilboð vera augljós vottur um góðvilja af hálfu lýðveldisstjórnarinnar gagnvart Íslandi.

Einnig fellst hún á skilyrði þau, sem tekin eru fram í fyrstu til áttundu grein í stjórnarbréfi yðar, og lýsir því íslenska stjórnin yfir eftirfarandi:

I. — Meðan Ísland nýtur þeirra innflutningsheimildar á saltfiski til Spánar, sem að ofan er greind, skulu spænskar vörur á Íslandi njóta beztu kjara samborið við hvaða annað land sem er, bæði að því er snertir innflutningstoll og aukatolla eða viðbótargjöld sömu tegundar, skatta eða bæjargjöld, hafnargjöld og sérhver önnur opinber gjöld, þar með talin þau, er lúta að siglingum og fiskiveiðum.

66 12. des II. — Þann tíma, sem nefndur er í greininni á undan, veitir Ísland sömuleiðis þau innflutningsleyfi á spænskum vörum, sem kunna að vera nauðsynleg, án þess að þær verði háðar nokkrum innflutningstakmörkunum, sem og einnig tilsvarendi yfirfærsluheimildir til útvegunar á erlendum gjaldeyri.

III. — Spænskum kaupskýslumönnum skal vera frjáls og heimilt að stunda atvinnu sína á Íslandi, vinna að útbreiðslu og sjá um sölu á vörum sínum, og skulu þeir einnig hafa óhindraðan aðgang að hverskyns dómstólum í því landi með sérhvert það mál viðskiptalegs eðlis, er þeir þyrftu að höfða.

IV. — Sömuleiðis nýtur Spánn yfir sama tímabil beztu kjara um verndun vörumerkja og verksmiðjumerkja, og gagnkvæmt skal Ísland vera aðnjótandi sömu hlunninda á Spáni.

V. — Á sama hátt og sömuleiðis gagnkvæmt skal af hvoru landinu fyrir sig vera viðurkennt gildi uppruna- og sóttgæzluskírteina, sem gefin eru út af hlutaðeigandi yfirvöldum, að undangenginni afhendingu til hvorrar stjórnar fyrir sig á listanum yfir þá aðilja eða yfirvöld, sem eiga að gefa þau út, og á reglum þeim, sem skirteini þessi eiga að vera sniðin eftir.

VI. — Íslenska stjórnin geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda í landi sínu notkun upprunaheitanna á eftirfylgjandi spænskum vínunum: Jerez (Xeres eða Sherry), Málaga, Rioja, Tarragona, Priorato, Panadés, Alella, Alicante, Valencia, Utiel, Cheste, Valdepenas Carinena, Rueda, Ribero, Manzanilla de Sanlúcar de Barrameda, Malvasía de Sitges, Noblejas, Conca de Barberá, Montilla, Moriles, Mancha, Manzanares, Toro, Navarra, Martorell, Extremadura, Huelva og Barcelona.

VII. — Íslenska stjórnin skuldbindur sig til þess, að er sett hefir verið á stofn í því landi einkasala á vinnflutningi, þá skuli sú stofnun kaupa á Spáni 80% af þeim borðvínunum, anísþrúgubrennivínunum og þesskyns drykkjum, sem hún flytur inn, og að 100% af þeim kjörvínunum (vinos generosos), sem það land kaupir, nefnilega vín með einkennum Jerez, Málaga eða Tarragona-vína, skuli keypt á Spáni. Meðan einkasala tekur ekki til starfa, skulu þau ákvæði, sem tekin eru fram í 2. grein verzlunarsamningsins milli Spánar og Íslands frá 23. júlí 1923, talin í fullu gildi að því er vínin snertir.

VIII. — Íslenska stjórnin leggur til við innflytjendur þar í landi að þeir kaupir á Spáni eins mikið og mögulegt er af þeim vörum, sem þeir nú kaupa í öðrum löndum og sem spænskir útflytjendur geta boðið með því verði og gæðum, er jafnist á við vörur af öðrum uppruna. Meðal slíkra vörutegunda skulu sérstaklega nefndir ferskir ávextir, þurrkaðir ávextir, hrisgrjón, skófatnaður, baðmullar- og ullarvefnaður, þrjónles úr baðmull og ull, fatnaður úr sama efni og úr silki, jútevefnaður og jarðyrkjuverkfæri.

Ennfremur mun íslenska stjórnin, að svo miklu leyti sem mögulegt er, taka til greina allar þær tillögur, sem henni berast frá spænsku stjórninni í þá átt að létta undir með framkvæmd vissra verzlunarviðskipta.

Vegna þess góðvilja, sem þegar hefir verið sýndur íslenskum hagsmunum, lætur íslenska stjórnin ekki hjá líða að láta í ljós þá von, að spænska stjórnin

sjái leið til þess að auka þann skammt af saltfiskinnflutningnum, sem Íslandi er í té látinn samkvæmt stjórnarbréfinu, í því tilfalli, að síðar reyndist ónauðsynlegt að miðla öðrum löndum öllum þeim afgangi af allsherjar innflutningsmagninu 1934, sem Íslandi er ekki ætlaður, með sérstöku tilliti til þeirra 15% af allsherjarinnflutningsmagninu, sem dregin eru frá meðalinnflutningi Íslendinga á árunum 1931 til 1933.

Íslenska stjórnin leyfir sér einnig að vona, að fari svo, að endurskoðun hagskýrslna leiði í ljós Íslandi í hag, að því er snertir nefndan meðalinnflutning, hærri tölur en þær, sem getið er til í stjórnarbréfinu, þá verði mögulegt að auka innflutningsskammt Íslands í samræmi við það, sem nú hefir lýst verið.

Ég grip þetta tækifæri til að votta yðar hágöfgi mína fyllstu virðingu.

Fyrir Ísland

A. Oldenburg.

Hs. hágöfgi J. José Rocha

Utanríkisráðgjafi

o. fl., o. fl., o. fl.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Í ríkisstjórn Íslands, 12. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

## KONUNGSBRÉF

um þinguppsögn.

67

17. des.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér viljum hérmeð veita yður sem Vorum forsætisráðgjafi umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið þegar það hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 17. desember 1934.*

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*